

Ed.

702. Breytingartillögur

[281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÁB, BJ, BFB).

1. Við 11. gr. Við 1. mgr. bætist:

Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri. Nú hefur maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, og á hann þá rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu. Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

2. Við 80. gr. Fyrsti málslíður greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.